Fimmtudaginn 8. febrúar 1990.

Nr. 437/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðlaugu Margréti Jónsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Dómstólar. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1989 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar refsingar og til sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds og verjanda ákærðu vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 120/1989, uppkveðnum 9. janúar sl. Var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði felldur úr gildi og meðferð málsins fyrir sakadómi Kópavogs frá og með þinghaldi 19. maí 1989 ómerkt og málinu vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði.

I.

Brot það, sem ákært er út af í máli þessu, var rannsakað af lögreglunni í Kópavogi. Hinn 1. október 1986 bauð Þorgerður Erlendsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, ákærðu dómsátt í málinu, sem ákærða hafnaði. Ákæra var gefin út 9. nóvember 1987 og birt af Ólöfu Pétursdóttur héraðsdómara í þinghaldi 8. desember 1988. Ólöf hélt síðan dómþing í málinu 9. janúar, 1. febrúar og 1. mars 1989. Hinn 19. maí 1989 tók Þorgerður Erlendsdóttir, sem þá var settur héraðsdómari, við málinu og hélt þinghald þann dag og síðan 1. júní, 4. júlí og 18. júlí, er málið var dómtekið, og kvað hún síðan upp dóm í málinu 16. ágúst 1989.

Þorgerður Erlendsdóttir var fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, er hún bauð ákærðu dómsátt hinn 1. október 1986. Hún starfaði á ábyrgð bæjarfógetans, sem jafnframt var lögreglustjóri í Kópavogi, en sakarefni máls þessa var rannsakað af lögreglunni í Kópavogi,

eins og fyrr segir. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að Þorgerði Erlendsdóttur, settum héraðsdómara, hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og ómerkja meðferð máls þessa fyrir sakadómi Kópavogs frá og með þinghaldi 19. maí 1989 og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og meðferð málsins fyrir sakadómi Kópavogs frá og með þinghaldi 19. maí 1989 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 16. ágúst 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. júlí 1989, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 9. nóvember 1987, „á hendur Guðlaugu Margréti Jónsdóttur húsmóður, Holtagerði 45, Kópavogi, fæddri í Reykjavík 7. febrúar 1951, fyrir að aka, þriðjudaginn 15. október 1985, bifreiðinni Y- 386 án nægilegrar aðgæslu suður Urðarbraut í Kópavogi yfir gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, þar sem stöðvunarskylda er á umferð um Urðarbraut fyrir umferð um Borgarholtsbraut, og í veg fyrir bifreiðina R-57478, sem ekið var vestur Borgarholtsbraut, með þeim afleiðingum að harður árekstur varð með bifreiðunum.

Við áreksturinn hlaut Blængur Blængsson, Holtagerði 69, Kópavogi, far-

þegi í hægra framsæti bifreiðarinnar R-57478, beinbrot á hægra gagnauga og blæðingu á bak við hægri hljóðhimnu.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940 og 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan, en hún tók við málinu hinn 17. mars 1989.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna annarra embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, greiði kr. 20.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.